



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1011
komudagur 14.2.2007

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. febrúar 2007
Tilvísun: 200702-0013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, 432. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, 432. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að það teljist veiðar í atvinnuskyni, en ekki tómstundaveiðar, þegar eigandi eða útgerð báts tekur gjald af þeim sem nýta bátinn til veiða. Bátar sem nýttir eru með þessum hætti þurfa samkvæmt því m.a. að hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni og nægar aflaheimildir.

Alþýðusamband Íslands gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

F. h. Alþýðusambands Íslands,

Stefán Úlfarsson
Hagdeild ASÍ